



Skipulags-og byggingarnefnd

Fundargerð

Fundur nr.95 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, fimmtudaginn 5.september 2013 klukkan 15:00.

Mætt: Björn Helgi Snorrason varaformaður nefndarinnar, Valgerður Erlingsdóttir, Gísli Kjartansson, Sigurlaug Jónsdóttir og Vigfús Þór Hróbjartsson fulltrúi skipulags-og byggingarmála. Jóhannes Gissurarson boðaði forföll, ekki náðist í varamann í hans stað.

Dagskrá:

Byggingarmál:

1. Iðjuvellir 7b – Breytingar á lögreglustöð

Fasteignir Ríkissjóðs kt.690981-0259 sækja um leyfi fyrir breytingum á lögreglustöð við Iðjuvelli 7b Kirkjubæjarklaustri. Um er að ræða innréttingu millilofts sem fyrir er yfir lögreglustöðinni og nýta það sem aðstöðurými fyrir starfsfólk. Að sama skapi er sótt um leyfi til að setja nýja glugga á norð-austurhlið hússins fyrir rými á efri hæð auk nýrrar útgönguhurðar á inntaksrými samkv. meðfylgjandi uppdráttum.

Samþykkt með fyrirvara um að fullnægjandi skráningartöflu sé skilað til fulltrúa skipulags-og byggingarmála.. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu

2. Efri-Steinsmýri – Byggingarleyfisumsókn

Áður afgreitt mál frá 72. fundi skipulags-og byggingarnefndar þar sem sótt var um byggingarleyfi 444 m² uppsteypis fjárhúss. Nýir uppdrættir hafa verið lagðir fram þar sem húsið er stálgrindarhús. Að öðru leiti er um sambærilegt hús að ræða. Fyrir liggja aðaluppdrættir og uppfærðar verkfræðiteikningar.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags-og byggingarmála falið að ljúka málinu.

Skipulagsmál:

3. Stjórnarsandur – Staðfesting deiliskipulags

Í kjölfar auglýsingar vegna deiliskipulags og umhverfisskýrslu við urðunarstað á Stjórnarsandi var óskað umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Ein athugasemd barst frá almenningi í formi skýrslu þar sem tilteknar eru ákveðnar athugasemdir vegna breytingar á deiliskipulagi auk þess sem farið var fram á ákveðnar úrlausnir vegna urðunar. Þeirri athugasemd hefur verið svarað og verður

tekið tillit til þátta sem þar koma fram. Tekið hefur verið tillit til athugasemda heilbrigðiseftirlits og umhverfisstofnunar.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi eftir auglýsingu og telst því tillagan samþykkt.

4. Orustustaðir – Kynning og stefnumótun vegna lýsingar aðalskipulagsbreytingar

Hreiðar Hermannsson fyrir hönd Stracta Hótel kynnti hugmynd sína um byggingu hótels að Orustustöðum í Skaftárhreppi fyrir sveitarstjóra og fulltrúa skipulags-og byggingarmála þann 20. Ágúst 2013. Í kjölfar þess óskar Stracta Hótel eftir því við Skaftárhrepp að ráðist verði í gerð aðalskipulagsbreytingar á svæðinu. Óskað er samstarfs við skipulags-og byggingarnefnd um áherslur og umfang vegna gerðar lýsingar á skipulagsverkefninu.

Skipulags-og byggingarnefnd mælist til þess að núverandi skilmálum aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022 varðandi landbúnaðarsvæði verði hafðir til viðmiðunar við vinnslu lýsingar aðalskipulagsbreytingar á Orustustöðum. Þar segir m.a. „Áður en ákvörðun er tekin um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins m.t.t.ræktunargildis.“ Það er því mælt til þess að viðkomandi aðalskipulagsbreyting gangi ekki yfir svæði sem gæti talist gott ræktunarland ef hjá því verður komist. Að öðru leyti skal hafa neðangreinda þætti til viðmiðunar við vinnslu lýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi við Orustustaði

- *Það svæði sem ætlað er undir hótél byggingar og tengda starfsemi verði skilgreint sem verslunar-og þjónustusvæði*
- *Að áfram verði gert ráð fyrir skógrækt á samningssvæði Suðurlandsskóga í landi Orustustaða.*
- *Haft verði samráð við minjastofnun með það að markmiði að vernda merkar minjar svæðisins.*
- *Leitað verði umsagna þeirra er málið varðar, þar á meðal Heilbrigðiseftirlits, Vegagerðar, Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar og aðliggjandi jarða.*

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl.16:06